

Skólafólk, ráð og leiðir

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Starfsfólki grunn- og framhaldsskóla sem eru með nemendur með frávik í taugaþroska og vilja auka við þekkingu sína.

Hámarksfjöldi : 30 þátttakendur

Námskeiðslýsing:

Nemendur með frávik í taugaþroska eru allskonar og þurfa aukinn skilning og þekkingu frá umhverfi sínu. Mikið af hagnýtum ráðum, leiðum og verkfærum eru til og verða kynntar á þessu námskeiði. Fyrst verður farið í fyrirbyggjandi aðferðir, hvernig við gerum æskilega hegðun sýnilegri í skólanum og einblýnt á jákvæðar aðferðir. Mælt er með að horfa á styrkleika og áhugamál nemenda en auk þess mikilvægt að skoða hvernig við tökumst á við erfiða hegðun í skólaumhverfinu.

Æskilegt er að þátttakendur sem nota í sínu starfi vinnukerfi með nemendum (t.d. umbunarkerfi, námskerfi, sjónrænt skipulag, félagsfærnisögur) hafi þau meðferðis.

Námskeiðið er í formi fyrirlestra, umræðna og hópavinnu.

Markmið námskeiðs:

- Að þátttakendur þekki og kynnist hagnýtum aðferðum til að auka færni og æskilega hegðun í skólanum.
- Að þátttakendur fái aukið sjálfstraust til að takast á við áskoranir sem tengjast flóknum nemendum.

Umsjón:

Sigurrós Jóhannsdóttir, sálfræðingur

Særún Sigurjónsdóttir, þroskaþjálfari